

## Svar

### félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um greiðslur vegna fæðinga.

Fæðingarorlofssjóður er í vörslu Vinnuálastofnunar sem í umboði félags- og jafnréttismálaráðherra, sbr. lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, annast greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra á innlendum vinnumarkaði annars vegar og greiðslu fæðingarstyrkja úr ríkissjóði til foreldra utan vinnumarkaðar eða í fullu námi hins vegar.

Þegar skoðuð er nýting foreldra á rétti þeirra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrks, m.a. með tilliti til hámarks- og lágmarksgreiðslna, hafa tölulegar upplýsingar verið skoðaðar út frá fæðingarári barna en ekki greiðsluári. Helgast sú framkvæmd af þeirri tímalengd sem foreldrar hafa til að nýta rétt sinn til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrks. Í ljósi framangreinds eru tölulegar upplýsingar í svari þessu fyrir árin 2015 og 2016 bráðabirgðaupplýsingar. Endanlegar upplýsingar fyrir árið 2015 munu liggja fyrir um áramótin 2017/2018 auk þess sem endanlegar upplýsingar fyrir árið 2016 munu liggja fyrir um áramótin 2018/2019.

Vakin er athygli á að greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra á innlendum vinnumarkaði eru fjármagnaðar með tilteknum hluta af tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins. Jafnframt er vakin athygli á að samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof skulu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði nema 80% af meðaltali heildarlauna foreldris á tilteknu viðmiðunartímabil. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu er í lögnum jafnframt kveðið á um lágmarksgreiðslu til foreldra auk þess sem kveðið er á um hámarksgreiðslu úr sjóðnum. Þá eru fæðingarstyrkir, annars vegar til foreldra utan vinnumarkaðar og hins vegar til foreldra í fullu námi, fastar fjárhæðir sem greiddar eru úr ríkissjóði en ekki úr Fæðingarorlofssjóði.

1. *Hversu margir foreldrar fengu greitt fæðingarorlof annars vegar og fæðingarstyrk hins vegar á árunum 2012–2016? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári, kyni, tekjubili og tegundum fæðingarstyrkja.*

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir fjölda foreldra sem nýtt hafa a.m.k. hluta réttar þeirra til fæðingarorlofs vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2012–2016 sundurliðað eftir mánaðarlegum viðmiðunartekjum foreldra á vinnumarkaði fyrir nýtingu á rétti þeirra til fæðingarorlofs.

Þannig má sjá að árið 2012 höfðu flestir feður verið með 300.000–399.999 kr. viðmiðunartekjur á mánuði fyrir nýtingu á rétti til fæðingarorlofs eða 808 feður á meðan flestar mæður höfðu verið með 200.000–299.999 kr. viðmiðunartekjur á mánuði fyrir nýtingu á rétti til fæðingarorlofs eða 1.059 mæður. Á árinu 2016 höfðu hins vegar flestir feður verið með 500.000–749.999 kr. viðmiðunartekjur á mánuði fyrir nýtingu á rétti til fæðingarorlofs eða 863 feður á meðan flestar mæður höfðu verið með 200.000–299.999 kr. viðmiðunartekjur á mánuði fyrir nýtingu á rétti til fæðingarorlofs eða 813 mæður.

Fjöldi foreldra í fæðingarorlofi					
Fæðingarár	2012	2013	2014	2015*	2016*
<b>FAÐIR</b>	<b>3231</b>	<b>3008</b>	<b>3113</b>	<b>2938</b>	<b>2725</b>
<100.000	102	91	78	69	59
100.000-199.999	303	209	203	187	117
200.000-299.999	592	501	450	380	254
300.000-399.999	808	670	690	587	494
400.000-499.999	568	577	621	605	557
500.000-749.999	589	676	763	783	863
750.000-1.000.000	159	155	183	214	248
1.000.000+	110	129	126	113	133
<b>MÓÐIR</b>	<b>3484</b>	<b>3292</b>	<b>3365</b>	<b>3200</b>	<b>3253</b>
<100.000	249	194	190	162	141
100.000-199.999	753	602	549	449	357
200.000-299.999	1059	957	1020	870	813
300.000-399.999	745	752	774	760	794
400.000-499.999	360	388	384	432	540
500.000-749.999	253	310	341	417	462
750.000-1.000.000	49	62	66	79	106
1.000.000+	16	27	41	31	40

Heimild: Vinnumálastofnun.

\*Bráðabirgðatölur.

Í töflu hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda foreldra sem nýtt hafa a.m.k. hluta réttar þeirra til fæðingarstyrks vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt föstur á árunum 2012–2016 sundurliðað eftir því hvort um er að ræða foreldra utan vinnumarkaðar eða foreldra í fullu námi. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um tekjur þessa hóps enda fæðingarstyrkur föst fjárhæð án tillits til tekna.

Fjöldi foreldra með fæðingarstyrk					
Fæðingarár	2012	2013	2014	2015*	2016*
<b>FADIR</b>	<b>343</b>	<b>351</b>	<b>334</b>	<b>269</b>	<b>210</b>
Fæðingarstyrkur	102	104	114	92	72
Fæðingarstyrkur í námi	241	247	220	177	138
<b>MÓÐIR</b>	<b>932</b>	<b>911</b>	<b>883</b>	<b>783</b>	<b>616</b>
Fæðingarstyrkur	390	379	380	341	290
Fæðingarstyrkur í námi	542	532	503	442	326

Heimild: Vinnumálastofnun.

\*Bráðabirgðatölur.

2. *Hversu margir foreldrar fengu hámarksgreiðslu í fæðingarorlofi á framangreindu tíma-bili? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og kyni.*

Í eftirfarandi töflu má sjá að vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2012 fengu 47,7% feðra hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði á meðan 22,8% mæðra fengu hámarksgreiðslu úr sjóðnum á sama tíma. Hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2012 nam 300.000 kr. á mánuði.

Vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur árið 2016 hafa hins vegar 53,0% feðra fengið hámarksgreiðslu úr Fæðingarorlofssjóði á meðan 24,8% mæðra hafa fengið hámarksgreiðslu úr sjóðnum á sama tíma. Hámarksgreiðsla úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar–14. október 2016 nam 370.000 kr. á mánuði en 500.000 kr. á mánuði vegna barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 15. október 2016 eða síðar.

Fjöldi foreldra með hámarksgreiðslur					
Fæðingarár	2012	2013	2014	2015*	2016*
<b>FÆÐIR - heildarfj. í fæðingarorl.</b>	<b>3231</b>	<b>3008</b>	<b>3113</b>	<b>2938</b>	<b>2725</b>
Í hámarki	1540	1313	1298	1337	1445
<b>MÓÐIR - heildarfj. í fæðingarorl.</b>	<b>3484</b>	<b>3292</b>	<b>3365</b>	<b>3200</b>	<b>3253</b>
Í hámarki	795	640	588	676	806

Heimild: Vinnuálastofnun.

\*Bráðabirgðatölur.

3. *Hve margir foreldrar fengu hvorki greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði né greiddan fæðingarstyrk árin 2012–2016 og hvað olli því? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og kyni.*

Ekki hefur verið gerð greining á aðstæðum þeirra sem hefur verið synjað um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk en líklegt er að þeir foreldrar uppfylli ekki eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir þessum greiðslum, svo sem þátttöku á vinnumarkaði á ávinnslutíma eða búsetu. Þess ber þó að geta að áhersla hefur verið lögð á að brúa bilið milli greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði annars vegar og fæðingarstyrks hins vegar í þeim skilningi að tryggja að foreldrar sem uppfylla búsetuskilyrði falli ekki á milli þannig að þeir eigi hvorki rétt á fæðingarstyrk né greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði. Á þetta ekki síst við um foreldra sem eignast börn skömmu eftir að hafa hafið nám eða lokið námi en sérstaklega hefur verið litið til aðstæðna þeirra, sbr. 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Hið sama á við þegar foreldrar eru við það að ljúka námi þegar þeir eignast börn, sbr. 16. gr. reglugerðar um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

4. *Hver hefði orðið kostnaður ríkisins af því að tryggja öllum framangreindum hópum ígildi lágmarkslauna á hverjum tíma? Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum eftir ári og kyni.*

Í eftirfarandi töflum má sjá annars vegar hver raunútgjöld Fæðingarorlofssjóðs og fæðingarstyrkja hafa verið til foreldra barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árunum 2012–2016 og hins vegar hver útgjöldin hefðu orðið hefði verið miðað við að framangreindir foreldrar á hverjum tíma hefðu fengið ígildi lágmarkstekjutryggingar fyrir fullt starf fyrir 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði hjá sama atvinnurekanda. Þannig

hefðu heildarútgjöld ársins 2012 vegna foreldra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk orðið 516 millj. kr. lægri en þau voru í raun og heildarútgjöld vegna ársins 2016 vegna foreldra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk hefðu orðið 242 millj. kr. lægri en raunútgjöld. Í því sambandi ber þó að ítreka að endanlegar upplýsingar vegna ársins 2016 munu ekki liggja fyrir fyrir en um áramótin 2018/2019.

Þá hefðu heildarútgjöld tímabilsins 2012–2016 vegna foreldra sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk orðið 2.649 millj. kr. lægri en raunútgjöld hefðu allir foreldrar sem fengu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða fæðingarstyrk á því tímabili fengið greitt ígildi lágmarkstryggingar fyrir fullt starf.

Fæðingarár	Fæðingarár - raunútgjöld með kostnaði				
	2012	2013	2014	2015*	2016*
Feður - fæðingarorlof	2.596.394.969	2.723.151.312	2.963.857.230	2.752.741.052	2.439.183.108
Mæður - fæðingarorlof	4.888.874.832	5.172.180.403	5.446.761.058	5.430.777.857	5.908.275.373
Feður - fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	17.364.694	18.558.279	20.968.217	17.692.525	15.354.135
Mæður - fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	113.704.565	110.045.125	117.144.109	110.783.256	100.656.773
Feður - fæðingarstyrkur námsmanna	109.683.971	107.877.969	100.871.555	87.816.281	68.539.581
Mæður - fæðingarstyrkur námsmanna	390.039.764	396.679.077	388.972.991	353.177.454	288.443.086
<b>Alls</b>	<b>8.116.062.795</b>	<b>8.528.492.165</b>	<b>9.038.575.160</b>	<b>8.752.988.425</b>	<b>8.820.452.056</b>

Heimild: Vinnuálastofnun.

\*Bráðabirgðatölur.

Fæðingarár	Fæðingarár - útgjöld m.v. lágmarkslaun				
	2012	2013	2014	2015*	2016*
Lágmarkstekjutrygging fyrir fullt starf	193.000	204.000	214.000	245.000	260.000
Feður - fæðingarorlof	1.988.858.303	1.949.788.202	2.108.547.145	2.205.669.429	1.940.134.665
Mæður - fæðingarorlof	4.411.671.008	4.454.513.691	4.766.246.352	5.193.646.801	5.594.052.940
Feður - fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	59.669.810	65.273.880	74.450.600	68.548.550	59.246.200
Mæður - fæðingarstyrkur utan vinnumarkaðar	389.593.660	387.522.480	420.698.320	435.105.300	386.682.400
Feður - fæðingarstyrkur námsmanna	163.702.600	165.166.560	157.118.800	148.960.000	115.302.200
Mæður - fæðingarstyrkur námsmanna	586.185.390	610.812.720	609.463.440	607.440.750	483.454.400
<b>Alls</b>	<b>7.599.680.771</b>	<b>7.633.077.533</b>	<b>8.136.524.657</b>	<b>8.659.370.830</b>	<b>8.578.872.805</b>

Heimild: Vinnuálastofnun.

\*Bráðabirgðatölur.